



Umsögn

Efni: Málefni skíðasvæðanna - umsögn FÁST
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Óskað hefur verið eftir að fjármála- og áhættustýringarsvið rýni erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um viðauka við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjun skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Umsögn

Þann 7. maí 2018 var undirritað samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjun skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Samkomulagið fól í sér að á árunum 2018-2024 verði farið í framkvæmdir við nauðsynlegan búnað til snjóframleiðslu og endurnýjun 3ja lyfta í Bláfjöllum og endurnýjun stólalyftu í Skálafelli.

Frá því að samkomulag var undirritað hafa orðið breytingar á áætlunum er varðar tímasetningar og fjármögnun. Eftirfarandi tafla sýnir uppfærða framkvæmdaáætlun 2018-2025 fyrir skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins:

	2018 m.kr.	2019 m.kr.	2020 m.kr.	2021 m.kr.	2022 m.kr.	2023 m.kr.	2024 m.kr.	2025 m.kr.	Samtals m.kr.
A Undirbúningur framkvæmda	32								32
B Snjóframleiðsla									
1. áfangi Bláfjöll		5	349						354
2. áfangi Skálafell					260				260
C Skíðalyftur									
Bláfjöll									
Ný drottning					420	742			1.162
Nýr Gosi		5	420	610					1.035
Eldborgargil							140	370	510
Kerlingardalur, toglyfta							146		146
Skálafell									
Endurnýjuð stólalyfta				310	349				659
Samtals	32	10	769	920	1.029	742	286	370	4.158,2

Sveitarfélögin skipta með sér kostnaði m.v. íbúafjölda. Framlag Reykjavíkurborgar árin 2020-2024 er eftirfarandi m.v. 56,5% hlutdeild:

Á verðlagi 2020 (m.kr.)	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Framlag Reykjavíkurborgar	434	520	581	419	162	2.117

Eftirfarandi tafla sýnir uppfærða framkvæmdaáætlun í samanburði við fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar árin 2020-2024.

Framlag Rvk (verðlag 2020, m.kr.)	2020	2021	2022	2023	2024
Fjárfestingaráætlun 2020-2024	519	434	582	419	162
Uppfærð framkvæmdaáætlun	434	520	581	419	162
Mismunur	85	-86	1	0	0

Við gerð fjárfestingaráætlunar var tekið mið af annarri tímaröð framkvæmda og endurspeglast munurinn í tilfærslu á milli ára 2020-2021.

Þá liggur fyrir að afleiddur rekstrarkostnaður vegna þessara fjárfestinga. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir fullri opnun á þeim lyftum sem koma nýjar ásamt því að Skálafell verði opið virka daga yfir vetraropnunina. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaðurinn muni koma inn á árunum 2020-2024 en áætlun hefur gert ráð fyrir auknum tekjum á móti kostnaði. Stefnt er að því að endurskoða rekstraráætlunina á hverju ári. Eftirfarandi tafla sýnir viðbótarrekstrarframlag Reykjavíkurborgar m.v. 56,5% hlutdeild.

Á verðlagi 2020 (m.kr.)	2020	2021	2022	2023	2024
Viðbótarrekstrarframlag v. fjárfestingar	6	15	25	68	76

Í samþykktari áætlun er gert ráð fyrir 6 m.kr. viðbótarframlagi í ramma ÍTR vegna ársins 2020. Hins vegar hefur ekki verið tekið tillit til uppfærðrar framkvæmdaáætlunar í fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar.

Hækkun á framlagi v. framkvæmda (verðlag 2020, m.kr.)	2020	2021	2022	2023	2024
Mismunur á áætlun Rvk og uppfærðri framkvæmdaáætlun	0	2	12	-76	-72

Niðurstaða

Fjármála- og áhættustýringarvið hefur rýnt uppfærða framkvæmdaáætlun Skíðasvæðanna. Uppfærð framkvæmdaáætlun samræmist fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar fyrir utan tilfærslu milli ára 2020 og 2021 um 85 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárfestingaráætlun ársins 2020 verði endurskoðuð með tilliti til þessa og rekstraráætlun árána 2021-2024 verði endurskoðuð við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarviðs